



Stuðningsáætlun fyrir trans nemendur og nemendur með ódæmigerða kyntjáningu:

Eyðublað fyrir upplýst samþykki

Tilgangur stuðningsáætlunar

Þessi stuðningsáætlun er gerð fyrir nemendur í grunnskóla og fjölskyldur þeirra til að ákveða í sameiningu hvernig skólinn getur stutt betur við kyn nemandans og framfylgt óskum hans. Þegar talað er um kyn er hér átt við kynvitund og/eða kyntjáningu. Kyn hvers og eins er einstakt og skólinn telur mikilvægt að styðja við nemendur sína og gefa þeim tækifæri til að skilgreina og tjá sig eftir eigin höfði.

Skólastarf mótast af umburðarlyndi og kærleika, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Skólinn hagar störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðlar að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Þetta hlutverk grunnskóla kemur fram í 2. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Með því að gefa nemandanum tækifæri til að koma á skilningi um stöðu sína og óskir er leitast við að gera þátttöku hans í skólstarfinu ánægjulegri og árangursríkari.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að byggjast á heimild í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir persónuverndarlög) og fer það eftir tilgangi vinnslunnar hvaða heimild getur átt við í hvert sinn. Vinnsla upplýsinga úr stuðningsáætlun byggist á samþykki barns og forsjáraðila sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga. Með undirritun þessa stuðningsáætlunar er fengið samþykki foreldra fyrir vinnslu persónuupplýsinga nemandans í framangreindum tilgangi.

Samþykkið er hægt að afturkalla hvenær sem er en það hefur áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem þegar hefur farið fram.

Efni stuðningsáætlunar

Stuðningsáætlunin samanstendur af spurningum sem nemandinn, forsjáraðilar og umsjónarkennari geta svarað í sameiningu. Spurningarnar snúa fyrst og fremst að því hvernig nemandinn vill að starfsfólk skólans styðji hann, kynvitund hans og kyntjáningu í skólstarfinu. Spurningarnar varða m.a. hvaða nafn og fornafn nemandinn vill nota, með hverjum nemandinn kýs að deila upplýsingum um kyn sitt, hvernig nemandinn vill að kennarar og annað starfsfólk skólans svari spurningum um kynvitund hans auk praktískari atriða á borð við hvaða búningssklefa nemandinn kýs að nota í íþróttum og skólasundi. Nemandanum er frjálst að svara öllum spurningum stuðningsáætlunarinnar eða hluta þeirra.



Hvernig verða upplýsingar úr stuðningsáætlun notaðar og geymdar?

Upplýsingar úr stuðningsáætlun verða eingöngu notaðar í samræmi við óskir nemandans, líkt og þær koma fram í áætluninni sjálfri. Aðeins umsjónarkennari og skólastjórnendur munu hafa aðgang að stuðningsáætluninni. Aðrir aðilar munu ekki fá aðgang að stuðningsáætlun nemandans nema nemandi og forsjáraðilar gefi samþykki fyrir því.

Nemandinn getur alltaf óskað eftir að upplýsingar í stuðningsáætluninni séu uppfærðar eða farið fram á að stuðningsáætlunin verði tekin úr notkun. Athygli er þó vakin á því að grunnskólar Múlaþings eru skilaskyldir samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Þeim ber því skylda til að skila gögnum til Héraðsskjalasafns Austfirðinga á grundvelli framangreindra laga til varðveislu. Héraðsskjalasafn veitir engum aðgang að upplýsingum sem innihalda persónuupplýsingar nema þeim sem hlut eiga að máli fyrr en 80 árum eftir að skjölin verða til.

Persónuvernd

Við vinnslu persónuupplýsinga í stuðningsáætluninni telst skólinn vera ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga. Vegna kvartana, athugasemda eða beiðna vegna vinnslu persónuupplýsinga er bent á að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Múlaþings:

Nafn: Aron Thorarensen, persónuverndarfulltrúi

Sími: 470-0700 Netfang: aron.thorarensen@mulathing.is

Einstaklingur á rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd vegna vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Múlaþings og skal Persónuvernd upplýsa kvartanda um framvindu og niðurstöðu kvörtunar.

Upplýsingar um Persónuvernd má finna hér: <https://www.personuvernd.is/>.

() Ég hef kynnt mér framangreinda skilmála, persónuverndarstefnu Múlaþings og að vinnsla eftirfarandi persónuupplýsinga fari fram í framangreindum tilgangi (hakið við)

Dagsetning og undirskrift forsjáraðila nemandans

Dagsetning og undirskrift fyrir hönd Seyðisfjarðarskóla



Stuðningsáætlun fyrir trans nemendur eða nemendur með ódæmigerða kyntjáningu

Tilgangur þessarar stuðningsáætlunar er að koma á skilningi um stöðu nemandans og hvernig best sé hægt að styðja við kyn hans og framfylgja óskum hans. Þegar talað er um kyn er hér átt við kynvitund og/eða kyntjáningu. Kyn hvers og eins er einstakt og þarf að leyfa einstaklingum að skilgreina og tjá sig eftir sínu eigin höfði. Kyn fólks getur þróast og breyst t.d. samhliða aukinni þekkingu, stuðningi (stuðningsleysi), þroska og/eða breyttri stöðu sem getur leitt til þess að stuðningsáætlun sem þessi þurfi að taka breytingum. Það er því mikilvægt að vera í stöðugu sambandi við nemandann og hafa virkar samskiptaleiðir.

Æskilegt er að tveir til þrír starfsmenn skólans sem nemandinn þekkir og treystir komi að gerð þessarar stuðningsáætlunar. Ásamt þeim skulu einnig forsjáraðilar sem og nemandinn koma saman á fund og vinna að þessari áætlun. Hver og einn getur fengið eintak og skoðað áætlunina til að undirbúa sig fyrir fundinn. Sumir þættir áætlunarinnar eiga meira við um börn á eldri stigum grunnskóla heldur en yngri og er það matsatriði hverju sinni. Nemendur eru misfærir um að koma að gerð áætlunarinnar, en mikilvægt er að taka ætíð mið af óskum og upplifun nemandans við gerð þessarar áætlunar. Stuðningsáætlunin skal vera geymd af skóla barnsins, ásamt eyðublaði um upplýst samþykki forsjáraðila sem fylgir henni. Áætlun þessi byggir á erlendum fyrirmyndum samtakanna [Gender Spectrum](#) og [Welcoming Schools](#).

1. Kennitala nemandans: _____

2. Bekkur: _____

3. Umsjónarkennari: _____

4. Forsjáraðilar: _____

5. Þátttakendur á þessum fundi: _____

6. Dagsetning: _____



Nafn nemandans

7. Hvaða nafn notar nemandinn (valnafn)? _____

8. Hvaða fornafn notar nemandinn? _____

9. Notar nemandinn annað nafn og fornafn heima hjá sér? Já Nei

10. Ef já, hvaða? _____

11. Notar nemandinn (val)nafnið sitt og fornafn alls staðar í skólaumhverfinu eða bara við ákveðnar aðstæður eða með ákveðnum hópum? _____

Trúnaður og upplýsingagjöf

12. Merkið við það sem á við um nemandann og kyn hans:

Nemandinn er opinber með sína kynvitund, aðrir nemendur og fullorðnir vita.

Kennarar og annað starfsfólk skólans er upplýst.

Stjórnendur skólans eru upplýstir (t.d. skólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi).

Starfsfólk þjónustumiðstöðvar er upplýst (skólasálfræðingur, félagsráðgjafar o.s.frv.).

Starfsfólk frístundar/félagsmiðstöðvar er upplýst.

Nemandinn mun ekki vera opinber með sína kynvitund.

Annað Hvað? _____

13. Ef nemandinn hefur óskað eftir því að þessi mál verði trúnaðarmál, hvernig verður það tryggt og hvað verður gert ef verður trúnaðarbrestur? _____

14. Hvernig munu kennarar og starfsfólk svara spurningum um kyn nemandans frá:

Öðrum nemendum? _____

Öðru starfsfólki? _____

Foreldrum/öðrum í skólasamfélaginu? _____



Formleg skráning á kyni og nafni

15. Hefur kyn- og nafnskráningu nemandans verið breytt hjá Þjóðskrá (sem er mögulegt fyrir börn sem hafa náð 15 ára aldri, annars með samþykki forsjáraðila eða samþykki sérfræðinefndar ef barn nýtur ekki stuðnings þeirra, sbr. [lög nr. 80/2019](#))?

Já Nei

16. Stendur það til? Já Nei

17. Hefur nafni nemandans verið breytt hjá Mentor til samræmis við valnafnið? (athugið að þessi leið gæti hentað ef ekki er tímabært eða stuðningur fyrir því að breyta skráðu nafni og kyni hjá Þjóðskrá) Já Nei

18. Vita forsjáraðilar nemandans af ofangreindum möguleikum? Já Nei

19. Ef nemandi notar valnafn en nýtur ekki stuðnings forsjáraðila til að breyta nafni sínu hjá Þjóðskrá eða í Mentor eða vill/getur það ekki af öðrum ástæðum, hvernig verður það tryggt að valnafn nemandans verður notað í skólanum? _____

Stuðningur fjölskyldu

20. Eru forsjáraðilar nemandans meðvitaðir um kynvitund hans? Já Nei

Annað: _____

21. Hversu styðjandi eru forsjáraðilarnir á skalanum 1-10? _____

22. Styðja einhverjir fjölskyldumeðlimir nemandans við kyn hans? Já Nei

Ef já, hverjir? _____

23. Eru einhverjir fjölskyldumeðlimir nemandans sem styðja ekki við kyn hans? Já Nei

Ef já, hverjir? _____

24. Eru einhverjir aðrir fullorðnir einstaklingar í nærumhverfi nemandans sem styðja við kyn hans? _____

25. Ef forsjáraðilar (annar eða báðir) eru ekki upplýstir eða ekki styðjandi, hvaða ráðstafanir á að gera? _____

26. Hefur skólinn bent fjölskyldu/forsjáraðilum nemandans á viðeigandi stuðningsaðila og fræðsluefni? Svo sem stuðningshóp fyrir aðstandendur trans barna og ókeypis ráðgjöf hjá Samtökunum '78? _____



27. Ætlar skólinn sér að tilnefna starfsmann sem mun reglulega hafa samband við forsjáraðila til að veita stuðning, ráðgjöf og upplýsingar um stöðu nemandans? Hvernig verður því háttað? _____

28. Á nemandinn systkini í sama skóla? Já Nei

29. Í hvaða bekk eru þau? _____

30. Eru þau meðvitað um stöðuna og styðjandi? _____

31. Ef nei, vill nemandinn að kyn sitt sé rætt við systkinin og þá með hvaða hætti? _____

32. Eru kennarar þeirra meðvitaðir um stöðuna? Já Nei

Stuðningur skólans

33. Hefur skólinn tilnefnt tvo stuðningsaðila sem munu athuga með líðan nemandans að minnsta kosti einu sinni í viku? Já Nei

34. Hverjir eru þeir? _____

35. Hefur starfsfólk skólans fengið [fræðslu um málefni trans barna/fólks](#)? Já Nei

36. Ef nei, hvenær og hvernig verður bætt úr því? _____

37. Hafa nemendur fengið hinseginfræðslu sem hefur innihaldið fræðslu um trans fólk, sbr. aðalnámskrá? Já Nei

38. Ef nei, hvenær og hvernig verður bætt úr því? _____

39. Er starfsfólk meðvitað um eineltisstefnu Seyðisfjarðarskóla, jafnréttisstefnu Múlaþings og hvernig þær eiga við um trans nemendur? Já Nei

40. Ef nei, hvenær og hvernig verður bætt úr því? _____

41. Hvernig verður tekið á því ef/þegar nemendur nota rangt nafn eða kyn um nemandann? _____

42. Hvernig verður tekið á því þegar starfsfólk notar rangt nafn eða kyn um nemandann? _____



43. Hver ber ábyrgð á því að taka á einelti eða fordómum sem kunna að vera í garð nemandans? _____

Skólaumhverfið

44. Er þörf á því að breyta merkingum sem tengjast nemandanum, svo sem ef gamla nafnið hans eða gamlar myndir með aðra kyntjáningu eru til staðar? Hver ber ábyrgð á þeim breytingum? _____

45. Hvaða salerni mun nemandinn nota? _____

46. Hvaða klefa mun nemandinn nota? _____

47. Mun nemandinn þurfa stuðning við það að nota þessa aðstöðu? Ef já, hver mun veita hann? _____

48. Verður stuðningur við nemandann tryggður í ferðum á vegum skólans? Verður hugað að aðstöðu fyrir nemandann í ferðum á vegum skólans (svo sem salerni, búningsklefa)? Ef já, hvernig? _____

49. Mun starfsmaður tryggja að nemandinn geti tekið þátt í íþróttum og íþróttakennslu til samræmis við kynvitund sína? En skólasund? Ef já, hver og hvernig? _____

50. Er nemandinn í íþróttum, tónlistarskóla, tómstundum eða öðru slíku? Já Nei

51. Ef já, er vitneskja um kyn hans þar? Já Nei



Gátlisti fyrir grunnskóla til að verða trans-vænir

Skólinn

- Regluleg **fræðsla** fyrir starfsfólk um trans börn og annað hinsegin fólk.
- Árleg **fræðsla** fyrir nemendur um trans börn og annað hinsegin fólk.
- Forsjáraðilar geta sótt um breytingu á skráðu kyni og nafni barns hjá Þjóðskrá. Ef það er ótímabært má breyta nafni barnsins (ef það notar valnafn) í Mentor. Það er gert með því að senda póst á radgjafar@infomentor.is. Slíkt þarf að endurtaka í byrjun hvers árs (janúar) til þess að koma í veg fyrir að árleg uppfærsla Mentors færi þjóðskrárnafnið aftur í kerfið.
- Útbúðu eyðublöð og aðrar skráningar sem skólinn útbýr sjálfur þannig að forsjáraðilar og/eða börn geti valið kyn og fornafn við hæfi.
- Tryggðu aðgang að kynhlutlausum salernum og búningaástöðu.
- Nefndu þá hópa eða breytur sem þarf sérstaklega að huga að í eineltisstefnu skólans, t.d. hinsegin, trans börn.
- Tryggðu að nemendur séu öruggir í öllum aðstæðum og rýmum skólans. Ef svo er ekki þarf að skoða hvað veldur óörygginu og ráðast í breytingar, t.d. á skipulagi skólans, hegðun starfsfólks/nemenda eða námsefni.
- Ræddu við foreldrahópinn um leiðir til þess að bjóða í afmæli án þess að styðjast við kynjaskiptingu, t.d. afmælishópar (t.d. út frá stafrófi, afmælisdögum). Um leið má hvetja forsjáraðila að bjóða öllum bekknum í afmæli ef hægt er og jafnvel að 2-3 nemendur haldi afmæli saman og bjóði öllum bekknum.

Trans barnið

- Farið í gegnum **stuðningsáætlun fyrir trans nemendur** með trans barninu, forsjáraðilum þess og aðilum skólans.
- Mikilvægt er að styðja við kyntjáningu barna og veita þeim frelsi til þess að tjá kynvitund sína.
- Mikilvægt er að virða nafnaval nemenda og kynna það fyrir öðrum nemendum og starfsfólki skólans.
- Mikilvægt er að temja sér notkun á þeim fornöfnum sem svara kynvitund nemenda (**hann, hún, hán, o.s.fr.**).
- Mikilvægt er að vera vakandi fyrir því að trans börn eru viðkvæmur hópur í samfélaginu og eiga meiri hættu á því að verða fyrir ofbeldi vegna kynvitundar og kyntjáningar sinnar en önnur börn, bæði á heimilum sínum og annars staðar. Ef grunur vaknar um að barnið sé að verða fyrir ofbeldi (t.d. tilfinningalegt, líkamlegt, vanræksla) skal skólinn tilkynna til Barnaverndar.
- Þegar trans barn skiptir um skóla er gott er að eiga upplýsingafund með starfsfólkinu sem kemur til með að vinna með því. Þannig má tryggja að nýr skóli sé upplýstur og komi til móts við þarfir barnsins.



Kennslustofan

- Kynntu þér hvað **tvíhyggjukynjakerfið** er og áhrif þess á trans nemendur jafnt sem sís nemendur.
- Forðastu að kynja hópinn: Talaðu frekar um nemendur, börn eða krakka en um stelpur og stráka.
- Forðastu að skipta hópnum eftir kyni. Notaðu frekar t.d. borðaskipan, stafrófið, uppáhalds mat, sokkalit o.s.fr. Þetta á einnig við í íþróttakennslu.
- Gott er að hvetja nemendur til þess að tengjast í gegnum aðra þætti en kyn, t.d. eftir áhugamálum.
- Forðastu að gera ráð fyrir ákveðinni hegðun frá nemendum sem byggjast á kyni þeirra, t.d. að stelpurnar vilji læra dans eða að strákarnir læri stærðfræði betur þegar dæmin eru um fótbolta.
- Vertu tilbúin/n/ð að taka á **stöðluðum hugmyndum um kyn** þegar þær birtast hjá nemendum (og öðrum), t.d., þetta er svo stelpulegt', 'af hverju er hún með stutt hár?'.
 Settu stefnu um núllþol gagnvart neikvæðri og niðurlægjandi notkun á **hugtökum sem tengjast trans (og öðru hinsegin) fólki**. Ræddu áhrif slíkrar orðanotkunar og leiðir til þess að nemendur geti stutt við bakið á þeim sem verða fyrir slíku.
- Gott er að útbúa plagg eða samkomulag með nemendum sem gengur út á að fagna fjölbreytileika og tekur á stríðni og einelti. T.d. Við uppnefnum ekki, það geta allir leikið sér með dúkkur, við virðum ólíka menningu, við eigum alls konar fjölskyldur. „Öll börn geta... (dansað, eldað, verið með sítt hár, lært stærðfræði, skapað list...)“
- Góð æfing í íslenskukennslu er að fjalla um **fornafnið hán og/eða önnur kynhlutlaus fornöfn**.
- Hægt er að nýta ótal **margar bækur og annað efni** um kyn, trans og önnur hinsegin málefni í enskukennslu.
- Fáðu nemendur til þess að horfa gagnrýnum augum á staðlaðar hugmyndir um kyn sem birtast t.d. í auglýsingum, sjónvarpsþáttum o.fl.
- Hugaðu að fjölbreytileika og því að fara út fyrir kynjanorm þegar þú notar/sýnir myndir af fólki og bjóddu þannig nemendum upp á fjölbreyttar fyrirmyndir sem brjóta upp staðlaðar hugmyndir um kynin, afrek þeirra, útlit, hegðun og tilfinningar.



Gátlisti fyrir grunnskóla þar sem er trans barn

Útbúin hefur verið sérstök [stuðningsáætlun](#) fyrir trans börn, forsjáraðila þeirra og starfsfólk grunnskóla sem er mjög gott að nýta. Gott er að eiga fund með foreldrum/forsjáraðilum til að fara í gegnum hana sem og að tryggja að allir séu meðvitaðir um stöðu og þarfir barnsins sem og [úrræði og fræðslu](#) sem standa til boða. Mikilvægt er að veita foreldrum/forsjáraðilum stuðning og leggja áherslu á styrkleika barnsins og jákvæðar breytingar á því. Einnig má benda þeim á [upplýsingar og fræðslufni um trans börn](#).

Mikilvægt er að vera vakandi fyrir því að trans börn eru viðkvæmur hópur í samfélaginu og eiga meiri hættu á því að verða fyrir ofbeldi vegna kynvitundar og kyntjáningar sinnar en önnur börn, bæði á heimilum sínum og annars staðar. Ef grunur vaknar um að barnið sé að verða fyrir ofbeldi (t.d. tilfinningalegt, líkamlegt, vanræksla) skal skólinn tilkynna til Barnaverndar.

Gott er að fá [fræðslu](#) fyrir starfsfólk um trans börn.

Gott er að fá [fræðslu](#) fyrir nemendur um trans börn.

Gott er að halda fund eða senda upplýsingapóst á forsjáraðila bekkjarsystkina barnsins til þess að upplýsa og fræða þá um málefni trans fólks og styðja við umræður sem eiga sér stað í skólanum (hægt er að óska eftir [aðstoð frá sérfræðingi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu](#) við slíkt).

Gott er að eiga upplýsingafund með starfsfólki frístundamiðstöðvar ef barnið sækir slíkt.

Mikilvægt er að virða nafnaval nemenda og kynna það fyrir öðrum nemendum og starfsfólki skólans. Ekki eru þó öll trans börn sem velja sér nýtt nafn og sum máta nokkur nöfn.

Mikilvægt er að temja sér notkun á þeim fornöfnum sem barnið kys (t.d. [hann, hún, hán o.s.fr.](#)). Samkvæmt lögum nr. 80/2019 geta forsjáraðilar óskað eftir breytingu á skráðu kyni og nafni barns hjá Þjóðskrá eða barnið sjálft sé það orðið 15 ára. Ef það er ótímabært má breyta nafni barnsins (ef það notar valnafn) í Mentor, en það er gert með því að senda póst á radgjafar@infomentor.is. Slíkt þarf að endurtaka í byrjun hvers árs (janúar) til þess að koma í veg fyrir að árleg uppfærsla Mentors færi þjóðskrárnafnið aftur í kerfið.

Útbúðu eyðublöð og aðrar skráningar sem skólinn útbýr sjálfur þannig að forsjáraðilar og/eða börn geti valið kyn og fornafn við hæfi.



- Trans börn eru með fjölbreytta **kyntjáningu**, rétt eins og **sís** börn. Ekki gera ráð fyrir ákveðinni hegðun frá nemandanum sem byggjast á kyni hans, t.d. að trans stelpa falli algjörlega að hugmyndum um kvenleika.
- Tryggðu að nemandinn sé öruggur í öllum aðstæðum og rýmum skólans. Ef svo er ekki þarf að skoða hvað veldur óörygginu og ráðast í breytingar, hvort sem það snýr að t.d. skipulagi skólans, hegðun starfsfólks /nemenda eða námsefni.
- Tryggðu aðgang að kynhlutlausum salernum og skiptiaðstöðu, jafnvel má breyta þeirri aðstöðu sem fyrir er, en leyfðu barninu að velja aðstöðu sem það telur best henta sinni kynvitund.
- Kynntu þér hvað **tvíhyggjukynjakerfi** er og áhrif þess á bæði sís og trans fólk.
- Mikilvægt er að fjalla um fjölbreytileika kyns og trans fólk við samnemendur barnsins. Nefna þarf breytingar á stöðu barnsins, valnafn þess og fornöfn.
- Mikilvægt er að setja sér stefnu um núllþol gagnvart **neikvæðri og niðurlægjandi notkun á hugtökum sem tengjast trans (og öðru hinsegin) fólki**. Ræddu það við nemendur, áhrif slíkrar orðanotkunar og legðu áherslu á hvernig nemendur geti stutt við bakið á þeim sem verða fyrir slíku. Forðastu að kynja nemendahópa: Talaðu frekar um nemendur, börn og krakka en um stelpur og stráka.
- Forðastu að skipta nemendahópum eftir kyni. Notaðu frekar stafrófið, sokkaliti, aldur, uppáhalds mat o.s.frv.



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -